**From:** Björn Ingi Sveinsson [mailto:bjorn.ingi@kleos.is]
**Sent:** 1. júní 2016 14:38
**To:** Haraldur Líndal Haraldsson
**Cc:** Jóhannes Einarsson (johse@simnet.is)
**Subject:** Reykdalsvirkjun ses

Sæll Haraldur

Reykdalsvirkjun ses óskar hér með eftir því að fá að reisa styttu úr bronsi í fullri stærð af Jóhannesi Reykdal á svæðinu milli stöðvarhúss Reykdalsvirkjunar og stíflu sömu virkjunar. Styttan yrði líklegast unnin af sama listamanni og vann styttuna af Ingibjörgu H Bjarnason, sem stendur fyrir utan Alþingishúsið (sjá meðfylgjandi). Listakonan heitir Ragnhildur Stefánsdóttir og hefur verkefnið nú þegaar verið ámálgað við hana. Stytta þessi yrði veglegur minnisvarði um þennan merka brautryðjanda og jafnframt mikil bæjarprýði.

Hér með óska ég eftir því að erindi þetta verði tekið fyrir í bæjarráði Hafnarfjarðar hið allra fyrsta, sem og í tilheyrandi nefndum, svo unnt verði að ganga til samninga við listakonuna um gerð styttunnar. Reiknað er með því að verkið muni taka allt að eitt ár. Reykdalsvirkjun ses mun standa straum af öllum kostnaði við verkefnið.

Mér þætti vænt um að þú fylgdir þessu erindi eftir í gegnum stjórnkerfi bæjarins, en létir mig fylgjast með framgangi þess.

Með góðri kveðju / Best regards

Björn Ingi

***Björn Ingi Sveinsson***
***Managing director***
***Mobile: +354 662 8000***

***Kleos ehf***
***Bankastræti 5***
***101 Reykjavík***
***Iceland***
***Tel.: +354 511 6010***
***Fax: +354 511 6110***